

Ferli	Umhverfis- og skipulagsþjónusta a / Viðhald fasteigna / Raka- og myglurmæling	Tegund skjals	Ferill
Samþykkt dags.	xx (Stefan E. Stefansson)	Síðasta endurskoðun	xx
Breyting dags.	(Stefan E. Stefansson)	Næsti Endurskoðunardagur	xx

**Tilgangur**

Tilgangurinn með þessum ferli er að tryggja að brugðist sé rétt við ósk um sýnatöku vegna gruns um raka og myglu. Sérfræðingur á sviði raka- og myglumælinga er fenginn í sýnatöku til að tryggja óháða aðkomu.

**Skilgreiningar**

Vegna gruns um raka og myglu er tekið loftssýni og/eða strok af grunuðum svæðum.

**Aðferð**

**Ósk um myglumælingu berst til verkefnisstjóra fasteigna á Umhverfis- og skipulagsþjónsutu frá yfirmanni stofnunar t.d. skóla eða leikskóla.**

Verkefnisstjóri fasteigna fer yfir og metur lekastað og þörfina á sýnatöku með yfirmanni og/eða húsumsjónarmanni þess staðar sem óskaði eftir sýnatöku.

Í framhaldi er ákveðið:

**1. Ef ekki er talin þörf á að fara í sýnatöku þá er:**

- Metið umfang vandamálsins og framkvæmdir skipulagðar í takti við mikilvægi
- Rými eru stúkuð af ef þörf krefur
- Rými eru þrífín eftir að framkvæmd lýkur

**2. Ef talin er þörf á sýnatöku er pöntuð sýnataka hjá sérfræðing með netpósti.**

Áður er sýnataka er pöntuð upplýsir verkefnisstjóri fasteigna yfirmanni og/eða húsumsjónarmanni um hvaða aðili (verkfræðistofa) mun sjá um sýnatökuna.

**Eftir að sýnataka hefur verið pöntuð fer eftirfarandi fram:**

- Húsumsjónamanni eða yfirmanni er tilkynnt um að sérfræðingur mun verða í sambandi vegna sýnatökunnar.
- Tilgreint er hver mun framkvæma sýnatökuna.
- Yfirmanni og/eða húsumsjónarmaður ákveða í samráði með sérfræðing (verkfræðistofu) tímasetningu á sýnatöku ásamt að þeir upplýsa sérfræðing hvar sýni verða tekin.
- Almennt má búast við að skýrsla berist innan 3 vikna.

**Við sýnatöku:**

Einhver eftirtalinna skal vera viðstaddur sýnatökuna:

- Húsumsjónarmaður
- Yfirmaður stofnunar
- Verkefnisstjóri fasteigna

**Eftir að sýnatöku lýkur:**

**Viðbragð varðandi ósk um raka- og myglumælingu****Hafnarfjarðarbær**

<b>Ferli</b>	<i>Umhverfis- og skipulagsþjónusta a / Viðhald fasteigna / Raka- og myglurmæling</i>	<b>Tegund skjals</b>	Ferill
<b>Samþykkt dags.</b>	xx (Stefan E. Stefansson)	<b>Síðasta endurskoðun</b>	xx
<b>Breyting dags.</b>	(Stefan E. Stefansson)	<b>Næsti Endurskoðunardagur</b>	xx

- Skýrsla sérfræðings er send til verkefnisstjóra fasteigna Hafnarfjarðarbæjar.
- Verkefnisstjóri fasteigna áframsendir skýrsluna til viðkomandi stofnunar.
- Verkefnisstjóri fasteigna leggur inn skýrslu verkfæðistofu í One kerfi til varðveitingar sem og í miðlægt kerfi skjalavistunar vegna gagna fasteigna.

Verkefnisstjóri undirbýr viðbrögð við skýrslunni og kynnir viðhaldsáætlun til yfirmanns stofnunar.

**Ábyrgð**

Verkefnisstjóri fasteigna hefur ábyrgð á verkferlinum og eftirfylgni með viðhaldi lekastaðar.